FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Alþingi
Erindi nr. Þ 141/1952
komudagur 15.3 2013

Nefndasvið Alþingis
vt. efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

14. mars 2013
Tilvísun: 2013030040/10.4

**Efni: Umsögn vegna frumvarps til breytinga á lögum nr. 129/1997 - 625. mál.**

Fjármálaeftirlitið vísar til samskipta við nefndasvið Alþingis 12. mars sl. vegna breytingar á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997. Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á 36. gr. laganna og bráðabirgðaákvæði VII í lögunum. Einnig er lagt til að nýju bráðabirgðaákvæði verði bætt við lögin.

Fjármálaeftirlitið gerir ekki athugasemdir við 1. og 2. gr. frumvarpsins.

Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að heimild lífeyrissjóða til að fjárfesta í óskráðum verðbréfum verði tímabundið hækkuð úr 20% af hreinni eign sjóðanna í 25%. Fjármálaeftirlitið bendir á að heimild lífeyrissjóða til að fjárfesta í óskráðum verðbréfum var hækkuð úr 10% í 20% með lögum nr. 171/2008 og vekur Fjármálaeftirlitið athygli á umsögn sinni sem veitt var á þeim tíma. Verði frumvarpið samþykkt hefur heimild lífeyrissjóða til fjárfestinga í óskráðum eignum hækkað um 150% frá árinu 2008, en slíkar fjárfestingar geta verið áhættusamari en í skráðum verðbréfum. Almennt séð er verðmyndun óskráðra bréfa óskilvirk og verðmat þeirra ógagnsætt. Seljanleiki óskráðra bréfa er einnig almennt minni en seljanleiki skráðra bréfa. Fyrirsjáanlegt er að erfitt verður að vinda ofan af sumum eignum þegar lífeyrissjóðum verður ekki lengur heimilt að fjárfesta 25% af hreinni eign í óskráðum verðbréfum. Þá bendir Fjármálaeftirlitið á að tímabundin ákvæði eiga það til að ílengjast sem getur í þessu tilfelli verið varhugavert.

Fjármálaeftirlitið vill vekja sérstaka athygli á þróun fjárfestinga lífeyrissjóða með hliðsjón af samþjöppun eigna. Hefur Fjármálaeftirlitið þannig haft áhyggjur af því hversu hátt hlutfall verðbréf með ríkisábyrgð eru orðin í eignasafni lífeyrissjóðanna auk þess sem lífeyrissjóðirnir eiga orðið stóra hluti í skráðum félögum sem leitt gæti til þess að þeir verði leiðandi hluthafar eða beinir þátttakendur í rekstri þessara félaga. Fjármálaeftirlitið bendir á að slíkt samræmist illa hlutverki lífeyrissjóða sem skv. 20. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, lýtur að móttöku, varðveislu og ávöxtun iðgjalda og greiðslu lífeyris. Ljóst

er að íslenskur fjármálamarkaður á í erfiðleikum með að standa undir síaukinni fjárfestingarþörf lífeyrissjóða og telur Fjármálaeftirlitið því mikilvægt að stjórnvöld leiti leiða til að dreifa áhættu lífeyrissjóða enn frekar með afnámi gjaldeyrishafta eða að veita lífeyrissjóðumheimild til að fjárfesta hluta fjármuna sinna erlendis.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Halldóra E. Ólafsdóttir

Hjálmar S. Brynjólfsson